

Reykjavík, 4. október 2023

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Teits Björns Einarssonar, formanns

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald nr. 138/2013, þingskjal 104 – 104. mál.

Bændasamtökin fagna umræddu frumvarpi og taka undir þá staðhæfingu að um sé að ræða úrelta og óþarfa skattlagningu og þá sérstaklega í því samhengi þegar einstaklingar kaupa sér lögbýli. Telja samtökin þetta vera eitt jákvætt skref í áttina að því að auðvelda nýliðun í landbúnaði, létta undir með bændum og koma til móts við fólk sem vill hefja búskap. Jafnframt telja samtökin að frumvarpið samræmist vel markmiðum landbúnaðarstefnu stjórnvalda.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur



29. september 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 104. mál á 154. löggjafarþingi

Stimpilgjald (kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði eða lögbýli)

Hagsmunasamtök heimilanna hafa ávallt verið hlynnt afnámi stimpilgjalda af viðskiptum einstaklinga með íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ákveðið skref í þessa átt náðist með setningu núgildandi laga um stimpilgjald nr. 138/2013 sem gerðu lánaskjöl stimpilgjaldsfrjáls og drógu þannig úr hindrunum fyrir hreyfanleika neytenda á húsnæðislánamarkaði. Með frumvarpi þessu er lagt til að gengið verði enn lengra þannig að skjöl er varða kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði verði undanþegin stimpilgjaldi. Frá því að frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi hefur það jafnframt verið útvíkkað þannig að sú undanþága frá stimpilgjaldi nái einnig til kaupa einstaklinga á lögbýlum.

Eins og 2. gr. frumvarpsins er orðuð myndu öll kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði og lögbýlum verða undanþegin stimpilgjaldi en ákvæðið einskorðast ekki við íbúðarhúsnæði til eigin nota eða lögbýli til eigin ábúðar kaupanda. Undanfarin misseri hefur borið mikið á því að einstaklingar fari um og kaupi upp íbúðarhúsnæði sem þeir ætla aldrei að búa í sjálfir heldur að hagnast á því með útleigu og hækkun fasteignaverðs. Þetta hefur dregið úr framboði húsnæðis fyrir fólk sem leitar sér að heimili og jafnvel eru dæmi um að fjárfestar hafa yfirboðið fyrstu kaupendur í slíkum viðskiptum og komið þannig í veg fyrir að fólk geti komið sér þaki yfir höfuðið þó að það séu grundvallarmannréttindi. Ástæðulaust er að ívilna slíkum aðilum heldur ætti ívilnunin mun frekar að einskorðast við kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði til eigin nota, til að ryðja hindrunum úr vegi fyrir fólk í leit að heimili og veita því ákveðið forskot á spákaupmenn á húsnæðismarkaði. Hagsmunasamtök heimilanna hafa ekki athugað sérstaklega hvernig þetta snýr að lögbýlum, en telja að sömu rök og hér hafa verið reifuð geti einnig átt við um kaup á lögbýli til eigin ábúðar kaupanda og eftir atvikum fjölskyldu hans.

Samkvæmt framangreindu leggja Hagsmunasamtök heimilanna til að við 2. gr. frumvarpsins bætist sá áskilnaður að undanþágan frá stimpilgjaldi nái aðeins til kaupa einstaklings á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða lögbýli til eigin ábúðar. Samtökin myndu heilshugar styðja frumvarpið þannig breytt.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is